

1870.

10. febrúar.

## 9. Auglýsing fyrir Ísland, um tilkynning um einkarétt til að eptirmynda ljósmyndir (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt tilskipun handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda og fl., dagsettri 11. dag desemberm. f. á., getur sá, sem á sjálfs síns kostnað hefir búið til frumlega ljósmynd eptir náttúrunni, eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarétt til að eptirmynda, um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til ljósmynd til sölu eptir ljósmynd hans, með því að tilkynna á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar, að hann áskili sér einkarétt, og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin „með einkarétti“ á sérhverja ljósmynd, er hann lætur frá sér fara. Samkvæmt þessu skal gjört heyrum kunnugt, að tilkynning sú, sem að framan er um rædt, skal send stiptamtanninum yfir Íslandi, og á hún að hafa inni að halda nafn ljósmyndasmiðsins, ritað fullum stöfum, nógu greinilega lýsingu á ljósmyndinni, er áskilinn er einkaréttur til að eptirmynda, og, ef ljósmyndin er eptirmyndan einhvers listaverks, þá nafn listasmiðsins. Þar að auki skal ávallt senda með tilkynningunni eina af ljósmyndum þeim, sem áskilinn er einkaréttur til að eptirmynda.

Í dómsmálastjórninni 10. dag febrúarmánaðar 1870.

*C. Nutzhorn.*

---

*Fr. Reinhardt.*

## 16. febrúar. 10. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um hjónavígslu af uppgjafapresti.

Útaf því, að uppgjafaprestur Hjalti Þorláksson á Stað á Snæfjallaströnd í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi hefir gefið saman í hjónaband Þórð bónda Magnússon á Borg og Guðríði Hafliðadóttur í bænda kirkju á Eyri, eptir að hlutaðeigandi sóknarprestur, Eyjólfur Jónsson, hafði lýst til hjónabandsins og svaramenn voru tilfengnir, enda þótt meinbugir væri á samkvæmt D. L. 3—16—8, mæltist stjórnarráðið til þess í bréfi, dagsettu 7. ágúst. f. á., að